


Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 10		
Dags.:23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Samþykkt: SHJ		
Síða 1 af 2	Innréttingar INR106C Námsáætlun vorönn 2017	

Nafn kennara:	<i>Halldór Torfi Torfason, Ketill Sigurðarson og Kristján Davíðsson</i>	Sk.stöfun:	HTT, KES KRD
----------------------	---	-------------------	-----------------


Áfangalýsing:

Í áfanganum læra nemendur um smíði innréttinga og innihurða með áherslu á spónlagningu, yfirborðsmeðferð og vélavinnslu plötuefnis. Lögð er áhersla á grunnatriði spónlagningar eins og plötu- og spónlagningarefni, áhöld, tæki, spónskurð, mynstrun og spónlímingu. Teknar eru fyrir samsetningar á plötuefni, smíðisfestingar, smíðistengi og uppsetning á innréttingum. Gerð er grein fyrir iðnaðarframléiðslu á innréttingum og innihurðum og mikilvægi þess að staðla vinnuferli og gerð, stærð og lögun framléiðsluvöru. Kennslan er aðallega verkleg og byggist á spónlagningu og plötusmíði þar sem nemendur fá þjálfun í að smíða skápa og innihurðir. Áfanginn er sameiginlegur með húsasmiðum og húsgagnasmiðum.

Áfangamarkmið:

Nemandi

þekki efni sem notuð eru til smíði innréttinga og innihurða
þekki verkfæri og tæki sem notuð eru í innréttinga- og innihurðasmíði
þekki og geti valið sérhæfðar trésmíðavélar til plötuvinnslu og spónlagningar
geti á grundvelli upplýsinga um einstakar vélar reiknað vinnsluhraða m.m.
kunni að velja áhöld og rafmagnshandverkfæri til samsetninga og spónskurðar
þekki öryggisreglur og öryggisbúnað viðkomandi áhalda og véla
kunni skil á helstu samsetningaraðferðum á innréttingum og innihurðum
geti valið viðeigandi efnissamsetningar og smíðisfestingar
geti valið límaburðartæki, þvingur og pressur fyrir kant- og spónlímingu
hafi þekkingu á mismunandi lími og límhörðunarkerfum fyrir spónlagningu
þekki mismunandi yfirborðsmeðferð á innréttingum og innihurðum
þekki helstu aðferðir til að þurrka lakk og málningu á verkstæðum
þekki öryggisreglur og öryggisbúnað við yfirborðsmeðferð
geti smíðað innréttingar og innihurðir og sett upp
geti smíðað innréttingar og skápa ásamt sökklum úr plötuefni og límtré
þekki helstu gerðir skápurða og geti smíðað þær úr mismunandi efnum
geti smíðað og sett upp skúffur og aðra fylgihluti í innréttingar og skápa
þekki mismunandi gerðir innihurða og geti smíðað spjaldahurðir
geti skorið, klippt og límt saman spón með algengustu mynstrum
geti kantlímt og spónlagt plötuefni með þvingum og í spónlagningarpressu
geti slípað og yfirborðsmeðhöndlað spónlagða hluti í höndum og vélum
geti staðsett og tekið úr fyrir lömum og skráum með tækjum og vélum
vinni í samræmi við viðurkenndar öryggisreglur og öryggisbúnað

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 10		
Dags.:23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Samþykkt: SHJ		
Síða 2 af 2	Innréttingar INR106C Námsáætlun vorönn 2017	

Kennslugögn:

Efni frá kennurum.

Starfsaðferðir:

Áfanginn er bæði bóklegur og verklegur og tengist verklegi hlutinn námsefni áfanganna INK 102 og GLU104. Smíðuð verða eldhúsinnrétting og fataskápur í sumarhús VMA, ásamt því að húsið verður klætt að utan og innan og innréttingarnar settar upp. Í skála verður smíðuð gifsklædd geymsla og gerðar verða tilraunir með beygingu gifsplatna í tengslum við INK102.

Í upphafi hvers dags fara kennarar yfir þau verkefni sem vinna á. Lögð er á það áhersla að nemendur glósi hjá sér þá punkta sem koma frá kennara og afli sér upplýsinga um vinnuaðferðir og útfærslur. Gerð verður grein fyrir iðnaðarframleiðslu á innréttingum og mikilvægi þess að staðla vinnuferli og lögum framleiðsluvörunnar. Unnin verða verkefni bæði verkleg og skrifleg. Spónlagning, spónskurður og viðarfræði. Farið verður í tvær heimsókn í innréttingafyrirtæki.

Áætlun um yfirferð og verkefni:

Matsform:		
<input checked="" type="checkbox"/> Símat	<input type="checkbox"/> Lokapróf/valið lokapróf	<input type="checkbox"/> Lokaverkefni
Vika	Lýsing námsmatsþátta	Vægi
1 – 18	Unnið við klæðningar á sumarhúsi VMA	20%
3 – 18	Smíða eldhúsinnréttingu í sumarhús	20%
5 – 18	Smíði á fataskáp í sumarhús	20%
9 – 15	Gifsveggir reistir í skála	10%
3 – 18	Einstaklingsverkefni	10%
3 – 18	Tvö skrifleg verkefni (jafnt vægi)	20%
Samtals		100%

Námsmat:

Áfanganum lýkur með verklegu lokaprófi


Lokaprófið gildir 30%.


Starfseinkunn 70%. Verkefni annarinnar

5. janúar 2017


Undirritun kennara


Undirritun kennara


Undirritun kennara


Undirritun þrautarstj. fagstj eða staðgengils